

26. mars, 2021

## Umsögn: Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991 (leyfi til nafnbreytinga og leyfi til breytinga á skráningu kyns).

Samtökin '78 fagna lagafrumvarpinu og telur það vera til mikilla bóta.


Það er okkur öllum í hag að Þjóðskrá sé sem allra réttust og að einstaklingar sem vilji breyta kynskráningu sinni geti gert svo án þess að þurfa að greiða sérstaklega fyrir breytinguna. Þessi breyting styður við lög um kynrænt sjálfræði og auðveldar manneskjum að ákveða sjálfar hvernig kynskráning og nafn er í Þjóðskrá.

Um er að ræða gríðarlega réttarbót fyrir þau sem vilja breyta kynskráningu sinni og nafni, og getur sú breyting haft afar jákvæð áhrif á andlega líðan og sjálfsmynd viðkomandi aðila.

Eins má segja að þetta frumvarp sé á vissan hátt leiðrétting á lögum um kynrænt sjálfræði þar sem hugsunin með því frumvarpi var að opna enn frekar á breytingar í stað þess að torvela fólki að breyta skráningu sinni.

Samtökin '78 telja að frumvarpið eigi að samþykkja án breytinga.

Fyrir hönd Samtakanna '78,



Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri



Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður